

með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979 og með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 220.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. maí 1983.

Nr. 175/1982. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Erni Sigfússyni

(Stefán Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1982 að ósk ákærða. Því er af hálfu ákærvaldsins áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 18. febrúar sl.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að leggja beri til grundvallar skýrslu þá, sem ákærði gaf fyrir dómi 7. nóvember 1980 við rannsókn málsins, og að eigi verði mark tekið á breytingu þeirri, er ákærði gerði á framburði sínum 13. janúar 1982. Auk þeirra atriða, sem greind eru í héraðsdómi, styðja skýrslur, sem Sigurður Jóhannsson og Róbert Cassis gáfu fyrir rannsóknardeild lögreglunnar, þessa niðurstöðu, en þeir segjast báðir hafa keypt hass af ákærða. Sigurður skýrir svo frá í skýrslu 25. september 1980, að „fyrir þremur vikum síðan hafi Örn verið efnislaus í um vikutíma, en síðan hafi hann aftur verið kominn með samskonar efni og fyrr,“ og 28.

s. m. skýrir Róbert frá því að hann hafi um næstliðin mánaðamót séð hjá ákærða nokkuð stóran plastpoka nær fullan af hassdufti. Samkvæmt þessu verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot þau, sem hann er ákærður fyrir, með þeirri athugasemd, að af þeim 500 gr sem ákærði kom fyrst með til Reykjavíkur og skiptust milli hans og Guðmundar Böðvarssonar, er óvíst, hvort meira en 235 gr hafi komið í hlut ákærða.

Brot ákærða eru rétt færð til refsíákvæða í héraðsdómi.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi og 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs. Greiðslufrestur sektar skal vera 4 vikur og vararefsing 30 daga fangelsi.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að gæsluvarðhaldsvist ákærða skuli dregin frá refsivist hans, með þeirri athugasemd, að gæsluvarðhaldið stóð yfir í 42 daga (26. september til 7. nóvember 1980), en ekki 44 daga, eins og í héraðsdómi segir.

Í ákæru er þess krafist, að ákærði sæti „upptöku á efnum, áhöldum og peningum, sem hald var lagt á við rannsókn málsins.“ Eins og krafa þessi er orðuð, samræmist hún eigi reglu 115. gr. laga nr. 74/1974 um skýra mörkun dómkrafna. Samkvæmt gögnum málsins var hald lagt á hass í 15 plastpokum að þyngd 26.8 g, box með efnisleifum, 144 bandaríkjadollara og 55.000 krónur, enn fremur seðlaveski og ýmiss konar skjöl, en engin áhöld, svo séð verði. Fyrir Hæstarétti hefur verið lýst yfir því af hálfu ákæruvalds, að einungis sé krafist staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um upptöku, en fallið frá upptökukröfu að öðru leyti. Í þessu horfi þykir mega leggja dóm á kröfuna, og ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um hana.

Staðfest verður ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Örn Sigfússon, sæti fangelsi 4 mánuði, og komi gæsluvarðhaldsvist hans 42 daga refsingunni til frádráttar.

Ákærði greiði 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30

daga fangelsi í sektar stað, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og greiðslu sakarkostnaðar skulu óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fikniefnamálum 26. febrúar 1982.

Ár 1982, föstudaginn 26. febrúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fikniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 827/1981: Ákærvaldið gegn Erni Sigfússyni.

Málið, sem dómtekið var 16. febrúar síðastliðinn, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, útgefinni 17. september 1981, á hendur Erni Sigfússyni, Hverfisgötu 78, Reykjavík, fæddum þar í borg 27. júní 1958, „fyrir brot á fikniefnalöggjöfinni með því að kaupa á Spáni í júlí 1980 1 kg af hassi og flytja til landsins. Ákærði gróf 500 grömm í jörð á Egilsstöðum, en flutti strax 500 grömm til Reykjavíkur. Guðmundur Böðvarsson átti hlut í því efnismagni, og kom í hlut hans allt að 235 grömmum, en í hlut ákærða allt að 265 grömmum. Efnisskiptingin fór fram á heimili ákærða. Ákærði sótti seinna efnið til Egilsstaða. Seldi hann ýmsum af efninu, og má þar nefna allt að 50 grömmum til Sigurðar Jóhannssonar. Hafði ákærði drjúgan hagnað af sölnunni. Af efninu frá Egilsstöðum seldi hann 100 grömm, en 400 grömmum ráðstafaði hann skömmu fyrir handtöku sína í september 1980, og er óvitað, hvert þau lentu. Hald var lagt á \$ 144.- og ísl. kr. 55.000.-.“

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fikniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fikniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á efnunum, áhöldum og peningum, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, samkvæmt 5. mgr. og 6. mgr. 5. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 27. júní 1958 í Reykjavík. Ákærði hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1974 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 9/1 1974.
- 1976 11/6 í Reykjavík: Dómur: 15 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga
- 1976 1/10 í Kjósarsýslu: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 1/10 1976.
- 1980 11/1 borgarréttur Oslóar: Dómur: 1.500 n. kr. sekt og 100 ÷ 76 daga fangelsi fyrir brot gegn 2. og 3. mgr. 43. gr., sbr. 22. gr., sbr. 30. gr. laga um læknislyf og eiturfni, sbr. fyrirmæli um eiturlyf og 1. mgr. 43. gr., sbr. 22. gr. og 20. gr. sömu laga, 31. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga og 333. gr., sbr. 62. og 1. mgr. 63. gr. hegningarlaga.

MÁLSATVIK.

Haustið 1980 stóð yfir hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík rannsókn á fíkniefnainnflutningi og dreifingu nokkurra aðilja. Einn grunaðra var ákærði í máli þessu. Ákærði var handtekinn á heimili sínu að Hverfisgötu 78 hér í borg 25. september 1980. Á leið til yfirheyrslu á lögreglustöðina að Hverfisgötu 113 náði ákærði að hlaupast á brott frá lögreglu, en á hlaupunum tókst lögreglumanni að ná taki á jakka ákærða, en ákærði náði þá að afklæðast honum og hlaupast á brott. Í jakka ákærða fundu lög-
reglumenn ætlað hass, er vó 26.8 grömm, vegið í umbúðum, sem voru 15 smáir plastpokar.

Ákærði var stuttu síðar handtekinn aftur við komu á heimili sitt við Hverfisgötu. Við leit í vistarverum bróður ákærða, hvar ákærði að sögn föður hans hafði sofið nóttina áður í leyfisleysi, var lagt hald á box með ætluðum hassleifum, 144 bandaríkjadali, gamlar krónur 55.000 og fleira.

Ákærði var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík sama dag. Viðurkenndi hann þá, að hann neytti kannabisefna, ef sér væri boðin slík, en kvaðst ekki hafa keypt slík eða selt. Aðspurður neitaði hann að gera grein fyrir því, hvort hann hafi verið með fíkniefni í sínum fórum í dag fyrir handtöku.

Ákærði var yfirheyrður hér í dómi daginn eftir og kvaðst þá útvega sér, er tækifæri byðist, örfá grömm af hassi (kannabisefnum) hverju sinni, en í undantekningartilvikum og þá eingöngu í greiðaskyni hafa átt milligöngu um útvegum kannabisefna frá þriðja aðilja til kunningja.

Ákærði var sama dag og hér í dómi úrskurðaður í gæsluvarðahald í allt að 20 dögum vegna rannsóknar máls þessa.

Þann 16. október sama ár var ákærði yfirheyrður hér í dómi, og vísaði ákærði þá til framburða sinna við lögregluvirkisráðgjafur á gæsluvarðhaldstímanum, en kvaðst þó viðurkenna að hafa átt þau 15 grömm af hassi, er fundust við handtöku ákærða.

Þá kvaðst ákærði einum til tveimur vikum áður hafa keypt litliræði af hassi og marihuana og það verið efnið, sem fannst við handtöku.

Gæsluvarðhald ákærða var hér í dómi og þann 16. október sama ár framlengt um allt að 15 dögum.

Ákærði kom hér fyrir dóm samkvæmt eigin ósk 30. október sama ár og þá til þess að áréttta, að hann mundi „ekki tjá sig neitt um málið.“

Sama dag kom ákærði aftur hér fyrir dóm ásamt Guðmundi Böðvarssyni, er þá sætti einnig gæsluvarðhaldi. Eftir að nefndur Guðmundur hafði lýst því yfir við ákærða, að hann hafi að fullu gert grein við rannsókn málsins fyrir samskiptum þeirra með fikniefni og þar með talda Spánarferð á síðastliðnu sumri, þá kvaðst ákærði reiðubúinn að skýra rétt frá mála- vöxtum.

Ákærði kvaðst í júlí síðastliðnum hafa haldið til Spánar til hasskaupa. Ákærði kvaðst hafa sammælst við Guðmund Böðvarsson um fjármögnun og skipulag ferðar og upphaflega verið ráðgert, að ákærði héldi til Malaga á Spáni og keypti þar hreina, en ódýra hassolíu.

Ákærði kvaðst til farar hafa lagt gamlar krónur 700—800.000 og Guðmundur Böðvarsson með vissu gamlar krónur 900.000 kvöldið fyrir brottför ákærða. Hins vegar kvaðst ákærði ekki með vissu muna, hvort nefndur Guðmundur hafi þess utan lagt til gamlar krónur 300.000 nokkrum dögum fyrr.

Umsamið hafi verið, að ákærði fengi 15—20% af hlut Guðmundar fyrir áhættu og flutning, en ferða- og upphaldskostnaður átt að skiptast að tiltölu við framlög ofangreind. Ákærði kvaðst síðan hafa haldið flugleiðis til Kaupmannahafnar á sunnudagsmorgni og líklega þann 20. júlí. Eftir stutta dvöl í Kaupmannahöfn kvaðst ákærði hafa haldið til Malaga á Spáni. Þar hafi reynst ókleift að útvega hassolíu og ákærði loks af sér ókunnum aðilja keypt nákvæmlega 500 grömm af hassdufti á samtals 60.000 peseta.

Ákærði kvaðst hafa leynt hassinu í farangri sínum frá Malaga til Kaupmannahafnar og þaðan til Færeyja flugleiðis, en frá Færeyjum til Seyðisfjarðar sjóleiðis með Smyrli og loks haldið frá Egilsstöðum til Reykjavíkur.

Daginn eftir heimkomu og á dvalarstað sínum við Hverfisgötu kvaðst ákærði ásamt Guðmundi Böðvarssyni hafa vigtað efnið og skipt. Hafi þá í hlut ákærða komið samtals 235 grömm, en þar af 33 grömm, eða þar

um bil, gömul skuld Guðmundar við ákærða og flutningsþóknun áður nefnd.

Varðandi ráðstöfun ofangreinds efnis þá kvaðst ákærði á löngum tíma og reyndar allt fram á handtökudag hafa selt af hassinu nánast þeim aðiljum, sem eftir leituðu, en flestum lítið. Ákærði kvað liðlega 20 grömm af hassinu hafa fundist í sínum fórum, en ákærði um stund komist undan á hlaupum og þannig náð að fleygja í salerni að Hverfisgötu 78 síðustu 10 grömmunum, rétt um það bil sem ákærði var handtekinn. Þess utan kvaðst ákærði hafa notað sjálfur nokkuð af ofangreindum efnishluta.

Varðandi kaupendur efna af sér kvaðst ákærði í fjölmörgum afhendingum og yfirleitt gegn gjaldfresti hafa selt Sigurði Jóhannssyni samtals 30—40 grömm.

Gæsluvarðhald ákærða var þann 31. október sama ár framlengt um allt að 7 dögum.

Ákærði var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 5. nóvember 1980 og honum þá bent á, að hann væri sakaður um frekari innflutning fíkniefna en að ofan greinir, og óskaði ákærði þá eftir umhugsunarfresti, en kvaðst síðan ekki vilja tjá sig frekar að sinni. Bróðir ákærða, Ingimundur Sigfússon, var síðan yfirheyrður hjá lögreglu og lýsti því yfir í viðurvist ákærða, að hann hafi bæði í yfirheyrslum hjá lögreglu og fyrir dómi tjáð sig um fíkniefnaviðskipti sín og ákærða og þar með tvær utanferðir ákærða í því sambandi. Eftir að nefndur Ingimundur vék frá, kvaðst ákærði reiðubúinn að skýra frá sannleikanum í máli þessu.

Ákærði kvaðst úr áður nefndri Spánarferð hafa komið með samtals 1 kg af Marokko hassdufti. Er ákærði á heimleiðinni kom við á Egilsstöðum, hafi hann skipt efni þessu í tvo jafna hluta og grafið annan hlutann í jörðu í fjallshlíð fyrir ofan Egilsstaði, en efni verið í plastfötu.

Ákærði kvaðst alfarið hafa átt efni þetta sjálfur, en skipting hins efnishlutans verið með þeim hætti sem áður greinir.

Í lok ágúst kvaðst ákærði hafa ferðast „á puttanum“ til Egilsstaða að sækja efnið og flutt til Reykjavíkur. Lýsti ákærði för sinni og komu til Reykjavíkur um 30 klst eftir að hann lagði af stað. Kvaðst ákærði meðal annars minnst þess að hafa fengið far með bifreið með Y skrásetningar-númeri. Ákærði kvaðst hafa geymt efnið í plastpokum í handtösku og eftir komu til Reykjavíkur haldið með efnið að Hverfisgötu 78. Ákærði kvaðst telja, að 10 til 20 dagar hafi liðið, frá því hann kom með þetta til Reykjavíkur, þar til hann var handtekinn.

Varðandi ráðstöfun þessa efnis þá kvaðst ákærði hafa verið búinn að selja um 100 grömm, er hann var handtekinn, en um 400 grömm hafi hann sturtað niður um salerni á heimili föður síns, er hann var handtekinn.

Varðandi fjármögnun þessara kaupa kvaðst ákærði hafa haft utan með sér um 2.2 milljónir gamalla króna auk framlags nefnds Guðmundar, er áður greinir.

Varðandi hass það, sem fannst í plastpokum í fórum ákærða við handtöku, þá kvað ákærði það hass, er hann hafi verið að taka til baka, frá Sigurði Jóhannssyni.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu aftur daginn eftir og þá spurður nánar um fjármögnun ofangreindra fikniefnakaupa. Ákærði kvað bróður sinn Ingimund hafa lánað sér gamlar krónur 600.000 til fararinnar gegn því, að hann fengi að minnsta kosti gamlar krónur 300.000 í vexti, en enn vanti gamlar krónur 300.000 á, að ákærði hafi gert full skil við Ingimund. Þá kvaðst ákærði hafa fengið lán að fjárhæð gamlar krónur 400.000 hjá Agli Stefánssyni og hann átt að greiða um gamlar krónur 200.000 í vexti, en enn ekki hafa gert upp við Egil að fullu.

Ákærði skýrði í nefndri lögregluyfirheyrslu frá því að hafa af ofangreindu hassi selt nokkurt magn á Keflavíkurflugvöll og þá hvert gramm á 20—25 bandaríkjadali. Kvaðst ákærði hafa selt efni fyrir 120—160 dali á Keflavíkurflugvelli og afrakstur þeirrar sölu verið í hillu eða á gólfi í herbergi bróður síns að Hverfisgötu 78, er ákærði var handtekinn.

Ákærði var enn yfirheyrður hér í dómi 7. nóvember 1980 og bar þá á sama veg um ofangreint, utan hvað ákærði kvaðst ekki lengur halda því fram, að hann hafi við handtöku átt þess kost að skola nefndum óseldum 400 grömmum niður um salernisskál að Hverfisgötu 78. Hið rétta sé, að ákærði hafi komið hassinu til geymslu hjá aðilja, er hann muni aldrei upplýsa, hver sé.

Þá kvaðst ákærði ekki geta vísað á eða afhent þessi efni og reyndar ekki vita, hvort þau séu enn til staðar, en hins vegar gera sér ljóst, að úr því sem komið sé væri sér fremur í hag að geta afhent lögreglu efnið og gera sitt til þess, að svo geti orðið. Gekk ákærði laus úr gæsluvarðhaldi sama dag.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 13. janúar 1982, breytti ákærði framburði sínum á þá leið, að hann hafi í margnefndri Spánarferð aðeins fest kaup á 500 grömmum af hassi, en ekki 1 kg, eins og hann hafi áður skýrt frá. Hafi því frásögn sín um 500 grömm af hassi, er hann gróf í jörðu á Egilsstöðum, verið uppspuni.

Er ákærði var inntur eftir ástæðum þessa breytta framburðar, þá kvaðst ákærði hafa gripið til þess ráðs á 40. degi gæsluvarðhaldsvistar sinnar að ljúga upp sökum á sjálfan sig til þess að sleppa úr varðhaldi.

Í þessu sama þinghaldi lýsti ákærði því yfir varðandi ráðstöfun sína á þeim 235 grömmum, er í hlut ákærða hafi komið við skiptingu efna, að hann hafi haft til eigin neyslu stóran hluta þess, um 50 grömm hafi ákærði

selt ýmsum aðiljum gegn endurgjaldi, þar af um 15 grömm til Sigurðar Jóhannssonar, en sumt farið forgörðum.

Varðandi haldlagða 144 bandaríkjadali kvaðst ákærði telja þá söluandvirði fikniefna, en varðandi gamlar krónur 55.000 þá kvaðst ákærði ekki vita til þess, að þær væru söluandvirði fikniefna.

Guðmundur Böðvarsson, fæddur 1. mars 1958, var yfirheyrður hér í dómi 25. og 29. október 1980, þá í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa. Nefndur Guðmundur bar mjög á sama veg og ákærði um aðdraganda og framgang hasskaupaferðar ákæra til Spánar í júlí sama ár. Kvaðst Guðmundur hafa lagt til farar nálægt 1.000.000 gamalla króna og ákærði svipað. Hafi ákærði að sögn keypt 500 grömm af hassdufti, en eitthvað af efni farið til einkanota ákærða og efni það, sem til skipta milli þeirra hafi komið, verið 440 grömm og hvor fengið 220 grömm. Hafi vigtun og skipting efna farið fram í herbergi bróður ákærða að Hverfisgötu 78.

Í framburði nefnds Guðmundar hjá lögreglu 6. og 10. október sama ár kemur fram, að bróðir ákærða hafi ekki verið viðstaddur nefnda vigtun, en hann þó verið í íbúðinni. Lýsti Guðmundur svo, að efnið hafi verið í 6—8 plastpokum.

Ingimundur Sigfússon, fæddur 2. september 1962, var yfirheyrður hjá fikniefnadeild lögreglu í Reykjavík 29. september 1980 og hér í dómi 31. október 1980. Framburður nefnds Ingimundar hér í dómi 31. október 1980 var svohljóðandi, en hér þykir ástæða til að taka framburðin beint upp:

„Mætti kveðst vera bróðir Arnar Sigfússonar og vita um hans veru í gæsluvarðhaldi, enda að Hverfisgötu 78 hér í borg búið í sama herbergi og aðurnefndur Örn, þar til sá var handtekinn seint í sept. s. l.

Vegna þessa nábylis kveðst mætti ekki hafa komist hjá að sjá og vita um hassmeðhöndlun bróður síns og þannig vita, að hann fór tvær ferðir til Spánar s. l. sumar og haust og kom úr hvorri með svipað magn af hassdufti, eða 400—500 gr, sem mætti kveðst hafa séð Örn handfjatla í ofangreindu herbergi.

Mætti telur fyrri ferð hafa byrjað í júlí s. l. og að sögn Arnar tímaviðmiðun í því sambandi, að þegar Örn var á Keflavíkurflugvelli á útleið, hafi lögregla gert húisleit að Sóleyjargötu 19, þar sem Örn dvaldi oft vegna vinfengis við stúlku þar búandi.

Leit þessi hafi verið tengd innbroti í skartgripaverslun Jóhannesar Norðfjörð. Mætti kveðst eftir komu Arnar að utan hafa orðið vitni að vigtun Arnar á 400—500 gr af hassdufti í ofangreindu herbergi og þar jafnframt verið viðstaddur e-n kunningi Arnar, um 1.85 cm á hæð með dökkt meðal-sitt hár.

Síðari ferðina hafi Örn farið um 3—4 vikum eftir heimkomu úr hinni fyrri. Þessi síðari ferð hafi átt að taka eina viku, en í reynd orðið lengri,

eða 2—3 vikur, og Örn þá frá Spáni komið um Kaupmannahöfn og Færeyjar, en þaðan með Smyrli hingað til lands.

Áður hafi Örn rætt um að fá vinstúlku sína, Ólínu Águstsdóttur, til fara, en síðar hafi Örn sagt mætta, að stúlka þessi hafi gagnað á því.

Mætti kveðst hafa séð Örn og að Hverfisgötu 78 vigta hassduft úr þessari ferð í litla plastpoka og heildarmagn sýnst mjög svipað og úr fyrri ferð. Mætti segir mjög líklegt, þótt hann vilji ekki fullyrða með öruggri vissu, að sami piltur og áður er nefndur hafi verið viðstaddur þessa vigtun einnig. Mætti kveðst áætla, að Örn hafi komið úr þessari síðari ferð tveim vikum eða jafnvel skemur fyrir handtöku og því telji mætti næsta víst, að Örn við þessa handtöku hafi átt verulegan hluta efna ósnertan.

Mætti segir fullvíst, að um tvær ferðir Arnar hafi verið að ræða, en kveðst ekki vita um fleiri ferðir.

Mætti segir Örn á tímabili hafa geymt efni úr báðum ofangreindum ferðum um að Hverfisgötu 78, en nokkru fyrir handtöku sagt mætta, að hann hefði þá flutt efni „á öruggan stað,” sem mætti kveðst ekki um vita, en benda á, að Örn hafi á tímabili jafnframt búið að Sóleyjargötu 19 með stúlku, er Þuríður heiti.

Mætti bætir við, að Örn hafi á tímabili s. l. sumar starfað á vegum félags einstæðra foreldra og þá verið að safna fé til áðurnefndrar fyrri ferðar.“

Sigurður Jóhannsson, fæddur 2. október 1950, bar hér í dómi 26. september 1980 að hafa í mörgum afhendingum undanfarnar vikur af Erni Sigfússyni keypt samtals 40—50 grömm af hassi og síðasta afhending, nánar 10 grömm, orðið síðastliðinn sunnudag. Þá kvaðst nefndur Sigurður hafa séð í fórum ákærða plastpoka með hassdufti um ¼ lítra að rúmmáli.

Róbert Cassis, fæddur 25. janúar 1964, bar í lögregluvirheyrslu 28. september 1980 að hafa næstu vikur þar á undan ítrekað af ákærða keypt lítillæði af hassefnum og við eitt slíkt tækifæri séð „nokkuð stóran plastpoka,” er verið hafi „nær fullur af hassdufti,” og viðstaddur verið Sigurður Jóhannsson.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákærði viðurkenndi við rannsókn málsins alla þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, með því fráviki þó, að í ákæruskjali, sem annars virðist byggt á játningum ákærða, hafi víxlast tölur um efnismagn, er í hlut ákærða og nefnds Guðmundar kom við efnisskiptingu að Hverfisgötu 78 hér í borg. Samkvæmt því komu í hlut ákærða 235 grömm. Ekki þykir verða gengið út frá meira efnismagni til nefnds Guðmundar en hann hefur gengist við, eða 220 grömmum. Að öðru leyti eru framburðir ákærða og nefnds Guðmundar samhljóða. Þá er framburður ákærða um sölu efna til Sigurðar

Jóhannssonar studdur framburði nefnds Sigurðar. Ekki liggur þó fyrir í málinu, að ákærði hafi haft drjúgan hagnað af sölu efna.

Varðandi framburð ákærða um, að hann hafi grafið í jörðu 500 grömm af hassi á Egilsstöðum og síðar sótt og flutt til Reykjavíkur, sölu um 100 gramma og síðan að hann hafi komið um 400 grömmum af þessu efni í vörslu hjá þriðja aðilja, er ákærði neitaði að nafngreina, þá er þessi játning ákærða að hluta til studd framburði bróður ákærða, Ingimundar Sigfússonar. Nefndur Ingimundur Sigfússon bar hér í dómi, að ákærði hafi farið tvær ferðir utan til hasskaupa og í síðara tilvikinu komið hingað til lands með Smyrli. Kvaðst nefndur Ingimundur hafa orðið vitni að vigtun ákærða á 450—500 grömmum af hassdufti úr þeirri fyrri í herbergi Ingimundar að Hverfisgötu 78 og að lokinni þeirri síðari séð ákærða á sama stað vigta hassduft í litla plastpoka og heildarmagn virst það sama og úr þeirri fyrri. Hafi þetta verið um tveimur vikum fyrir handtöku ákærða. Þá kvað Ingimundur ákærða hafa sagt sér nokkrum dögum fyrir handtöku, að hann hafi flutt efni á „öruggan stað“, sem Ingimundur kvaðst ekki vita, hver hafi verið. Þá þykir renna stöðum undir frásögn Ingimundar, að við handtöku hafði ákærði í sínum fórum hassduft í litlum plastpokum, og ber tíma-setningu Ingimundar saman við austurferð ákærða.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 13. janúar síðastliðinn, breytti hann framburði sínum á þá leið, að hann hafi aðeins flutt 500 grömm af hassi hingað til lands í umrætt sinn og framburður sinn um 500 grömm af hassi, er hann hafi grafið í jörðu, væri uppspuni, en hann hafi gripið til þess ráðs að ljúga á sig sökum til þess að losna úr gæsluvarðhaldi. Þá breytti ákærði og framburði sínum um selt efnismagn og kvaðst nú aðeins hafa selt um 50 grömm ýmsum aðiljum gegn endurgjaldi, þar af um 15 grömm til Sigurðar Jóhannssonar, en sumt farið forgörðum.

Er ákærði kom fram með hinn breytta framburð, var liðið talsvert á annað ár, frá því játning ákærða kom fram, án þess að ákærði gerði reka að því að leiðrétta fyrri framburð, ef rangur var, en ákærði kom tvívegis fyrir dóm áður eftir birtingu ákæru.

Að öllu ofanrituðu athuguðu og virtu verður ekki tekið mark á hinum breytta framburði ákærða, er fram kom hér í dómi 13. janúar síðastliðinn, og með vísan til framanritaðs þannig talið sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í ákæruskjali greinir, með ofangreindu frávikum um efnismagn það, er í hlut ákærða og nefnds Guðmundar kom við skiptingu efna á heimili ákærða, og þá verður ekki lagt til grundvallar, að ákærði hafi haft drjúgan hagnað af sölu efna.

Telst þannig sannað, að ákærði hafi keypt á Spáni í júlí 1980 1 kg af hassi og flutt hingað til lands. Ákærði gróf 500 grömm í jörð á Egilsstöðum, en flutti strax 500 grömm til Reykjavíkur. Guðmundur Böðvarsson

átti hlut í því efnismagni á móti ákærða, og komu í hlut nefnds Guðmundar 220 grömm, en efni að öðru leyti eign ákærða. Ákærði sótti seinna efnið til Egilsstaða. Seldi hann ýmsum af efninu og þar á meðal allt að 50 grömmum til Sigurðar Jóhannssonar. Af efnunum frá Egilsstöðum seldi ákærði 100 grömm, en 400 grömmum ráðstafaði hann skömmu fyrir handtöku sína í september 1980, og er ekki vitað, hvert þau lentu.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974. Tilvísun til 2. töluliðs 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er hins vegar óþörf.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Refsingu ákærða ber samkvæmt ofanskráðu að tiltaka með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur áður hlotið dóm fyrir fíkniefnabrot, en ákærði var þann 11. janúar 1980 í borgarrétti Oslóar dæmdur í 1.500.00 norskra króna sekt og 100 daga fangelsi fyrir brot gegn 2. og 3. málsgrein 43. gr., sbr. 22. gr., sbr. 30. mgr., laga um læknislyf og eitrefni, sbr. fyrirmæli um eiturlyf og 1. mgr. 43. gr., sbr. 22. gr. og 20. gr. sömu laga, 31. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga og 333. gr., sbr. 62. og 1. mgr. 63. gr. hegningarlaga.

Verður því refsing ákærða ákveðin með hliðsjón af 5. tölulið 1. málsgreinar 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir rétt, að til frádráttar ofangreindri refsivist komi gæsluvarðhaldsvist ákærða við rannsókn málsins, eða 44 dagar.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 3.000.00 í réttargæslulaun og kr. 4.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmans.

Með vísan til 5. mgr. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 ber að dæma ákærða til að sæta upptöku á 144 bandaríkjadöllum til ríkissjóðs og 26.8 grömmum af hassi í plastumbúðum og hassleifum í plastöskju til eyðingar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Örn Sigfússon, fæddur 27. júní 1958, sæti fangelsi í 5 mánuði. Refsivist til frádráttar komi 44 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Upptækir til ríkissjóðs skulu 144 bandaríkjadalir, en til eyðingar 26.8 grömm af hassi í plastumbúðum og hassleifar í plastöskju.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 3.000.00 í réttargæslu-

laun og kr. 4.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmans.

Fimmtudaginn 19. maí 1983.

Nr. 66/1981. **Gunnar Ólafsson & Co. h/f**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Vestmannaeyjakaupstað.

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Lóðarleiga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 2. mars 1981. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt meginreglu 2. málgr. 2. gr. laga nr. 75/1917 var eiganda lóðar þeirrar, er í málinu greinir, heimilt að krefjast mats á leigugjaldi eftir lóðina, en leigusamningar áttu að gilda um óákveðinn tíma og voru óuppsegjanlegir. Lög nr. 22/1960 og ákvæði afsals til stefnda á grundvelli þeirra laga verða ekki skýrð svo, að með þeim hafi þessi réttur lóðareiganda verið skertur.

Eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi, reisir stefndi kröfu sína um hækkun leigugjalds á matsgerð dómkvaddra manna frá 22. nóvember 1969. Í matsbeiðni var miðað við, að matsmenn mætu leigugjald samkvæmt 2. málgr. 2. gr. laga nr. 75/1917, og er til